

Samkenndarkort

Þessi aðferð er notuð til að greina persónu út frá sögu og fá annað sjónarhorn á það hver hún er. Samkenndarkort eru líka notuð til að skilja notanda, það er, tiltekna persónu sem á við áskorun eða vandamál að stríða og fá fram hans eigið sjónarhorn. Kannað er hvað viðkomandi segir og gerir, sér, heyrir, hugsar og finnur varðandi áskorunina. Þannig er hægt að nota samkenndarkort til að hjálpa nemendum að setja sig í spor persónunnar og skilja betur áskorunina/vandamálið sem hann/hún stendur frammi fyrir.

Til viðbótar við þessa meginreglu styður verkefnið meginreglurnar „Nám með hugsun“, „Nám með samræðum og samskiptum“ og „Nám með ígrundun og mati“.

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta fundið fleiri sjónarhorn viðfangsefnis/vandamáls/aðstæðna með því að rýna afstöðu skilgreindrar persónu.
- Geta kannað annan veruleika
- Geta íhugað að önnur þróun gæti átt sér stað í framtíðinni
- Geta beitt gagnrýnni hugsun
- Geta tekið virkan þátt í umræðum (sýna virka hlustun og setja fram rök fyrir skoðun sinni).

Tímasetning

Hversu langan tíma þetta verkefni tekur fer eftir mörgum ólíkum þáttum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefni. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 55 mínútur.

Efni

Þetta verkefni er hægt að útfæra í kennslustofunni eða með blönduðu námi ef þú velur það.

Í kennslustofunni	Blandað nám
• Samkenndarkort - teiknaðu upp á töflu eða deildu út á blaði • Búðu til eitt stórt sjónrænt rými (á töflu eða stóru blaði) til að safna hugmyndum fyrir litla hóp (eða allan bekkinn). • Búðu til viðbótarrými fyrir síðasta skref ferlisins.	• Búðu til Google Jamboard reikning • Búðu til Google Jamboard borð fyrir skref 2 • Fartölva/spjaldtölva fyrir hvern hóp í skrefi 2

--	--

Undirbúningur

Í kennslustofunni:

- Prentaðu út samkenndarkort fyrir hvern hóp
- Leitaðu að mynd af samkenndarkorti á netinu og notaðu hana til að teikna kort á pappír eða hlaða því upp á blandaðan námsvettvang að eigin vali. Gott dæmi má finna hér: <https://i.pinimg.com/originals/3e/f3/98/3ef3984d16fafdc27afdcc39efac97b7.png>

Hvað hugsar persónan og hvernig líður henni? Hvað skiptir raunverulega máli, helstu áhyggjur og væntingar	
Hvað sér persónan? Umhverfi, vinir	Hvað heyrir persónan? Hvað segja vinirnir, hvað segja áhrifavaldar?
Hvað segir persónan eða gerir? viðhorf á almannafæri, útlit, hegðun í garð annarra	
Sársauki ótti, gremja, hindranir (ástæður þess að áskorun/vandamál er til staðar)	Ávinningur vilja/þurfa, mælikvarði um velgengni (ef lausn fæst á áskorun/vandamáli)

Samantekið er það sem persóna heyrir, sér, hugsar og finnur og segir og gerir

Þú getur fundið frekari upplýsingar og hugmyndir að þróun samkenndarkorts í verkfærakistunni á <http://www.storylogicnet.eu>

Blandað nám:

- Búðu til Google Jamboard borð

- Búðu til ramma með samkenndarkorti fyrir hvern hóp í skrefi 2
- Teiknaðu upp útlínur samkenndarkorts í hvern ramma
- Gakktu úr skugga um að allir hópar hafi snjalltæki aðgengileg (spjaldtölvur/tölvur)

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

Byrjaðu á því að ákveða samfélagslega áskorun eða viðfangsefni sem þú vilt vinna með. Við mælum með að þú hafir eftirfarandi í huga:

- 1. Fyrri þekking og reynsla nemenda*
- 2. Menningarlegur og félagslegur bakgrunnur nemenda*
- 3. Staðbundnir þættir (t.d. sögulegur bakgrunnur, efnahagsþættir, kennileiti osfrv.)*

Samkenndarkort er tæki til að greina persónu og áskoranir sem hún stendur frammi fyrir. Veldu til dæmis persónu úr sögu eða fréttum sem líklega hefur aðra sýn á vandamál sem þú vilt að nemendur þínir kanni, byggt á listanum hér að ofan.

1 Innlögn

Þú þarft um það bil 5 mínútur fyrir þetta skref

Kynntu persónu í sögu, úr fréttum eða umhverfi nemenda. Ef margar persónur birtast í sögunni geturðu valið fleiri en eina. Reyndu að vinna með aðalpersónur en ekki aukapersónur þar sem þær veita ekki mikla innsýn í söguna.

Tillaga: Þegar um er að ræða val á sögu með söguhetju og andstæðingi er áhugavert að kanna bæði líkindi og mótsagnir.

2 Útfylling samkenndarkorts

Þú þarft að minnsta kosti 20 mínútur fyrir þetta skref

Við leggjum til að þú búir til litla nemendahópa, 4-5 saman. Úthlutaðu hverjum hópi eina sögupersónu/persónu úr fréttum/úr umhverfi nemenda ef þú hefur margar persónur til að vinna með eða sömu persónu fyrir alla eða fleiri en einn hóp. Útskýrðu í stuttu máli uppbyggingu samkenndarkorts.

Gefðu hverjum hópi 15 mínútur til að fylla út samkenndarkortið á blaði eða á Google Jamboard.

Tillaga: Ef nemendur hafa litla sem enga reynslu af samkenndarkortum, gefðu þeim þá kort með ögrandi spurningum eða límdu á kortið útfyllta miða með tillögum. Því reyndari sem nemendur þínir eru því minni hjálp þarftu að veita í upphafi. Finndu meiri innblástur fyrir þetta á <http://www.storylogicnet.eu/> (verkfærasett)

Með eldri nemendum er hægt að biðja þá um að taka viðtal við persónu/mannskju sem á við tiltekna áskorun/vandamál að etja og þannig fá beint fram sjónarhorn hennar.

Leiðbeiningar til að útskýra hvað samkenndarkort er

Samkenndarkort er sniðmát sem hægt er að nota til að kanna alla eiginleika persónu, þar á meðal bæði ytri og innri eiginleika (t.d. útlit, hugsanir, venjur, ótta). Í aðferð hönnunarhugsunar (Design Thinking) er samkenndarkort einnig kallað „persónusniðmát“ en með gerð samkenndarkorts er leitast við að setja sig í spor persónunnar. Hugmyndin er sú að þú kynnist persónu til hlítar áður en þú fellir hana inn í söguna þína eða byrjar að finna lausn fyrir áskorunina eða vandamálið sem persónan stendur frammi fyrir. Með því að fylla út samkenndarkort geturðu betur skilið hvað er mikilvægt fyrir þessa persónu, gildin sem hann/hún hefur, möguleg viðbrögð við vandamáli eða krísuaðstæðum. Að auki er samkennd það þegar þú setur þig í spor annarra, sérð og finnur allt sem hann/hún gerir, öðlast sjónarhorn hans/hennar.

3 Bekkjarfundur

Þú þarft að minnsta kosti 10 mínútur fyrir þetta skref

Hver hópur fær 3-5 mínútur til að kynna sína persónu. Notaðu 2-3 mínútur í viðbót fyrir athugasemdir og bekkjarumræður.

Ef um er að ræða hópa sem fengu sömu persónu úthlutaða, gefðu þeim þá tækifæri til að útskýra hvað þeir fylltu út á mismunandi hátt og auðveldaðu umræðuna, til dæmis með því að einblína á það sem er ólíkt og láta hópana rökstyðja muninn á sjónarhorni þeirra. Biddu þá um að gefa dæmi (t.d. „hvað meinarðu með „persónan er feimin“). Spyrðu hina hópana hvað þeim finnst eftir kynningu hvers hóps og reyndu að láta nemendur alltaf rökstyðja mál sitt.

4 Einstaklingsvinna (valfrjálst)

Þú getur látið nemendur fá tóm kort og beðið þá um að búa til sitt eigið persónulega kort. Notaðu 5 mínútur og gefðu þeim síðan 5 mínútur í viðbót til að íhuga muninn á þeim og persónunni sem verið er að fjalla um.

Eftirfarandi getur veitt dýpri innsýn í sjónarhorn persónunnar með því að draga fram muninn á sjónarhornum nemenda. Fylgdu þessum skrefum:

1. Búðu til samkenndarkort fyrir þig sjálfan. Reyndu að lýsa sjálfum þér eins ítarlega og mögulegt er. *Þetta fær nemandann til að hugsa um spurningar til að spyrja sjálfa(n) sig þegar hann fyllir út samkenndarkort.*
2. Búðu til smásögu (allt að 10 línur) af venjulegum degi. Hvernig eru athafnir þínar á venjulegum degi í samanburði við það sem þú skrifaðir í samkenndarkortið þitt? Hvað vantar eða þarf að laga? Ígrundaðu og farðu aftur í skref 1 ef þörf krefur.
3. Biddu nemendur að para sig við samnemanda af handahófi. Hvor um sig býr til samkenndarkort fyrir bekkjarfélagann með því að taka við þá viðtal.
4. Nemendur sýna félaga sínum kortið og biðja hann/hana að staðfesta lýsinguna. Nemendur þurfa að geta útskýrt lýsinguna ef hún er ólík því sem bekkjarfélaginn segir um sjálfan sig. Bekkjarfélaginn getur einnig spurt spurninga varðandi valið

eins og "hvað fær þig til að segja það", "af hverju heldurðu það um mig". Nemendur ræða opinskátt til að skilja sjónarhorn hvers annars.

5. Nemendur búa til smásögu (allt að 10 línur) af venjulegum degi bekkjarfélaga. Þei biðja hann/hana um að tjá sig um söguna (t.d. eru dagar hans/hennar vanalega svona?).

5 Ígrundun

Þú þarft að minnsta kosti 5 mínútur fyrir þetta skref

Þetta skref er einstaklingsbundið. Biðjið hvern nemanda að ígrunda persónuna nú þegar samkenndarkortið er fullgert og hugsa hvað þeim finnst um persónuna núna. Horfir persónan öðruvísi við þeim núna en áður en verkefnið hófst? Gefðu þeim í framhaldi nokkrar mínútur til ræða saman í bekknum.

6 Auðkenning

Þú þarft að minnsta kosti 15 mínútur fyrir þetta skref

Veldu eina persónu til að vinna áfram með ef um margar persónur er að ræða eða biddu nemendur að velja þeirra uppáhalds. Ef um eina persónu er að ræða skaltu sameina samkenndarkort í umræðunum í skrefi 3 áður en áfram er haldi.

Einbeittu þér að **sársauki/ávinningur** hlutanum á samkenndarkortinu. Gefðu nemendum 3-5 mínútur til að greina aðalvandamálið/áskorunina sem persónan stendur frammi fyrir og undirliggjandi ástæður þess. Biðjið þá um að skrifa það á töfluna. Notaðu eftirfarandi spurningar sem leiðbeiningar:

1. Fyrir hvern er vandamálið mikilvægt? Hvers vegna?
2. Hvaða áhrif hefur vandamálið á persónuna núna og í framtíðinni?
3. Hversu erfitt er að leysa vandamálið?
4. Er vandamálið persónulegt/innra vandamál eða vegna einhvers annars (t.d. er einelti af völdum einhvers annars).
5. Hversu mikilvægt er fyrir persónuna að leysa vandamálið áður en hún heldur áfram með líf sitt?

Gerðu ráð fyrir 5–10 mínútna umræðum við nemendur til að ná samstöðu um hvað þeir myndu skrifa í þessum hlutum samkenndarkortsins. Í lok þessarar umræðu munu nemendur hafa skoðað önnur sjónarhorn djúpt. Hvettu til rökræðna.

7 Íhugaðu næstu skref

Eftir að hafa lokið fyrri skrefum ættu nemendur að hafa öðlast nýtt sjónarhorn (dýpri innsýn) á tiltekna áskorun/vandamál og hvernig það hefur áhrif á tiltekna persónu. Þú getur endurtekið öll eða sum skrefin í verkefninu ef þú telur að þau þurfi að endurspegla nýtt sjónarhorn á persónuna betur.

Prófaðu aðferðina „Ég hugsaði og núna hugsa ég“

Notaðu nýju sjónarmiðin sem grunn til að byggja upp verkefni þar sem nemendur eru beðnir um að leysa vandamálið /áskorunina sem persónan sem þeir skoðuðu stendur frammi fyrir.

8 Fáðu fjölskylduna með!

Ef þú notar blandaða kennsluaðferð getuðu beðið nemendur í byrjun um að búa til samkenndarkortið heima með stuðningi fjölskyldunnar. Þeir koma síðan með þá innsýn í kennslustofuna, þar sem þú byrjar þá á skrefi 3.

Þú getur einnig beðið nemendur um að framkvæma skref 4 heima með fjölskyldum sínum.

Önnur hugmynd er að velja foreldra nemenda sem persónur til að skoða til að byrja með. Vertu skapandi!